



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 1. mars 2018.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um dánaraðstoð, 91. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 2. febrúar 2018 þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um dánaraðstoð, 91. mál á 148. löggjafarþingi.

Um er að ræða þingsályktunartillögu um að fela heilbrigðisráðherra að taka saman upplýsingar um dánaraðstoð og þróun lagaramma um hana þar sem hún er leyfð, hvort unnið sé að lagabreytingum í löndum þar sem dánaraðstoð er ekki leyfð og að gerð verði skoðanakönnun meðal heilbrigðisstarfsmanna um afstöðu þeirra til dánaraðstoðar. Upplýsingum verði skilað í formi skýrslu fyrir lok ágúst 2018.

Lífið nýtur sérstakrar verndar hér á landi sem annars staðar, er talið friðheilagt og óskerðanlegt. Í 1. málslíð 1. gr. siðareglna LÍ segir: *Læknum ber að virða mannlíf og mannhelgi*. Friðhelgi lífsins endurspeglast og í því að þung viðurlög liggja við manndrápi.

Dánaraðstoð er í lagamáli kölluð líknardráp og er refsivert samkvæmt 213. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í ákvæðinu segir að hver sem sviptir annan mann lífi fyrir brýna beiðni hans skuli sæta fangelsi allt að þremur árum. Í skýringum með ákvæðinu kemur þó fram að séu miklar málsbætur fyrir hendi, s.s. að sá sem verksins beiðist sé haldinn ólæknandi, kvalafullum sjúkdómi, myndi mega lækka refsingu eða jafnvel láta hana falla niður.

Líknardráp og reglur um það eru nokkuð reglulega í umræðunni, m.a. í tengslum við þá staðreynd að örfá lönd hafa rýmkað lagaákvæði og leyft það. Á vettvangi norrænna læknafélaga hefur málið verið reglulega rætt. Siðfræðiráð LÍ hélt nýverið tvo umræðufundi um efnið og hefur oft áður tekið málefnið á dagskrá.

LÍ er eitt stofnfélaga Alþjóðafélags lækna (World Medical Association-WMA). WMA hefur samþykkt ályktun um líknardráp (euthanasia) og telur það siðlaust (unethical). WMA hefur einnig ályktað að aðstoð við sjálfsvíg sé siðlaus og beri að fordæma. WMA áréttar þó að það sé grundvallarréttur sjúklinga að mega hafna meðferð og að slíka ósk beri ætíð að virða. WMA hvetur aðildarfélög sín og lækna til að taka aldrei þátt í líknardrápi, jafnvel þó landslög leyfi slíkt eða geri slíka háttsemi refsilausa undir tilgreindum kringumstæðum.¹ Í WMA eru 114 læknafélög frá jafnörgum löndum. Einungis þrjú þessara landa leyfa líknardráp.

Í tilefni aldarafmælis LÍ á þessu ári er félagið gestgjafi ársfundar WMA, sem haldinn verður í byrjun október nk. Í tengslum við ársfundinn verður haldin siðfræðiráðstefna þar sem líknardráp verður m.a. til umræðu.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að nýlega hafi verið stofnum samtök sem vill beita sér fyrir að lagareglur hér á landi um líknardráp verði rýmkaðar. Af heimasíðu félagsins verður ekki annað ráðið en að þar sé þegar búið að safna saman mikið af þeim upplýsingum sem tillagan vill fela heilbrigðisráðherra að taka saman. Fram kemur einnig í greinargerðinni að Siðmennt hafi árið 2015 látið gera könnun þar sem m.a. var spurt um líknardráp.

¹ Sjá: <https://www.wma.net/policies-post/wma-resolution-on-euthanasia/>

Af framansögðu verður ekki betur séð en að þau frjálsu félagasamtök sem vilja berjast fyrir lagabreytingum á þessu sviði séu fullfær um að sjá sjálf um þá upplýsingaöflun sem tillagan vill fela ráðherra og annast skoðanakönnun meðal heilbrigðisstarfsmanna um afstöðu þeirra til líknardráps.

LÍ telur óþarfi að fela heilbrigðisráðherra vinnu af þessu tagi meðan löggjöf er með þeim hætti sem fyrir liggur. Heilbrigðisráðherra hefur að mati LÍ fjölmörgum öðrum og brýnni verkum að sinna á sviði heilbrigðismála.

LÍ leggst eindregið gegn samþykkt þingsályktunartillögu um dánaraðstoð.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna þessarar þingsályktunartillögu, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,


Reynir Arngrímsson, formaður